

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntunarsjóð Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, kt. 470269-1119 og er rekinn á vegum nefndarinnar.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukinni menntun tekjulágra kvenna; með því að veita konum námstyrki til framhaldsskólanáms, iðnmenntunar, náms til starfsréttinda og háskólanáms, hérlandis og erlendis.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5.000.000 sem Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur leggur til við stofnun sjóðsins og skal það mynda höfuðstól sjóðsins. Höfuðstóllinn skal varðveisittur í bankastofnun á Íslandi eftir ákvörðun sjóðstjórnar sem ber ábyrgð á ávöxtun hans.

5. gr.

Heimilt er að verja vaxtatekjum sjóðsins, verðbótum svo og öllum tekjum af fjárlunum eftir stofnun sjóðsins til úthlutana ár hvert. Úthlutanir úr sjóðnum skulu vera gerðar samkvæmt úthlutanreglum sjóðsins sem settar eru af stjórn.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skál sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal ársskýrsla sjóðstjórnar afhent innanríkisráðuneytinu og Ríkisendurskoðun fyrir 1. mars ár hvert. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

8. gr.

Endurskoðandi sjóðsins skal vera löggiltur endurskoðandi sem valinn er af stjórn og skal vinna ársreikning sjóðsins eigi síðar en 10. febrúar hvert ár.

9. gr.

Ef sjóðurinn er lagður niður skulu eignir hans renna til sambærilegra markmiða. Leita þarf samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki komi til niðurlagningar.

Nr. 596

26. júní 2012

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari í samræmi við ákvæði laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 26. júní 2012.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2012